



Ungir frumkvöðlar

- Leiðbeiningarskjal

Efnisyfirlit


1. Að stofna til viðskipta
2. Rafræn skilríki
3. Forsíðuyfirlit
4. Að stofna reikning
5. Millifærslur
6. Aðrar upplýsingar

1. Að stofna til viðskipta

Það er einfalt að stofna til viðskipta við Arion banka og hægt er að klára ferlið hvar sem er, hvort sem um er að ræða einstaklinga- eða fyrirtækjaviðskipti. Til að ljúka ferlinu rafrænt þarf að hafa rafræn skilríki. Ef þú ert ekki með rafræn skilríki getur þú komið í næsta útibú, þar sem ráðgjafi aðstoðar þig við að virkja þau eða stofna til viðskipta.

Til að stofna til viðskipta sækir þú Arion appið í App Store á iOS eða Play Store á Android og velur „Nýr notandi“. Þar skráir þú símanúmer og netfang og skráir þig svo inn með rafrænum skilríkjum, þú svarar svo áreiðanleikakönnun og aðgangurinn þinn er tilbúinn.

Flestir sem stofna til viðskipta við bankann eru einstaklingar. Lögaðilar, eins og einkahlutafélög og hlutafélög, eru einu aðilarnir sem fara aðra leið til að stofna til viðskipta. Slíkir aðilar verða að vera með skráða kennitölu fyrirtækis síns. Ungir frumkvöðlar eiga að velja einstaklingsleiðina.



2. Rafræn skilríki

Auðkenni býður einstaklingum upp á tvær tegundir rafrænna skilríkja

- Rafræn skilríki á SIM-korti
- Auðkennisappið

Tegundirnar tvær eru sambærilegar, en þó er munur á þeim. Auðkenni mælir með að notendur eigi báðar tegundir, þar sem annað hvort síma- eða netkerfi getur verið óvirkt á tilteknum tíma eða svæði. Einnig gæti þjónustuveitandi aðeins boðið upp á innskráningu með annarri tegundinni.


Bæði skilríkin eru í raun og veru jafngild því að aðili skrifi undir samning í eigin persónu eða auðkenni sig með vegabréfi eða ökuskírteini.

Hægt er að virkja Auðkennisappið í sjálfsafgreiðslu, eina sem þarf er gilt íslenskt vegabréf.

Til þess að virkja rafræn skilríki þarft þú að vera með SIM-kort í símanum þínum sem er hæft fyrir rafræn skilríki. Flestir ættu að vera með slík SIM-kort en ef svo er ekki er hægt að skipta um SIM-kort hjá þínu símafyrirtæki. Rafræn skilríkin eru svo bundin við SIM-kortið. Skilríkin eru virkjuð hjá þjónustufulltrúa í útibúi þar sem þú skrifar undir samning við Auðkenni ehf. Til að hægt sé að virkja fyrir rafræn skilríki þarf að koma með löggild skilríki. Ef þú ert yngri en 18 ára þurfa forráðamenn að fara inná Mínar síður hjá Auðkenni og undirrita rafrænt að þú megir fá rafræn skilríki, síðan getur þú komið í næsta útibú og fengið aðstoð við að virkja skilríkin. Þegar skráningu er lokið eru skilríkin virk og þú getur notað þau til að stofna til viðskipta. Þú getur virkjað rafræn skilríki í hvaða útibúi Arion banka sem er.

3. Forsíðuyfirlit

Á forsíðuyfirliti Arion appsins birtast meðal annars veltu- og sparnaðarreikningar, kreditkort og fleiri vörur sem viðskiptavinir eru með.



Í appinu getur þú framkvæmt allar helstu bankaaðgerðir, þar á meðal að stofna reikninga, kortaviðskipti, fylgst með verðbréfasafninu þínu, skoðað og stýrt lífeyrissparnaði, haldið utan um reikninga barna og margt fleira. Allt á einum stað á öruggan hátt.



Neðst á skjánum er valstika sem veitir þér skjótan aðgang að helstu aðgerðum. Þar getur þú skoðað ógreidda reikninga, framkvæmt millifærslu, opnað rafræn skjöl eða farið í Meira skjáinn, þar sem þú getur meðal annars stofnað reikninga, kort & reglulegan sparnað.


4. Að stofna reikning

Í **Meira** flípanum er hægt að stofna reikninga, panta debet- og kreditkort, opna gjaldeyrisreikninga og fleira.

Til að stofna nýjan reikning velur þú **Reikningar** flísina og velur síðan hvort þú viljir opna veltureikning, sparnaðarreikning eða gjaldeyrisreikning. Þegar veltureikningur er stofnaður færð þú val um að stofna reikning með eða án debetskorts. Það kostar ekkert að stofna veltureikning án korts, en veltureikningur með debetskorti kostar 950,- krónur. Hjá Arion banka er debetskort hins vegar frítt fyrir 23 ára og yngri.

Nemendur þurfa ekki debetskort til að vinna verkefnið.


Til að stofna sparnaðarreikning velur þú **Reikningar** flísina og síðan **Sparnaðarreikning**. Þá getur þú valið þann sparnaðarreikning sem hentar og fylgt einföldu ferli og reikningurinn stofnast.



5. Millifærslur

Til að framkvæma millifærslu, hvort sem um er að ræða milli eigin reikninga eða millifærslu til annars aðila, velur þú **Millifæra** flipann neðst á skjánum. Þar smellir þú svo á + táknið efst í hægra horninu og velur Ný millifærsla eða Millifæra milli eigin reikninga.

Ef millifært er til nýs viðtakanda skráir þú fyrst inn kennitölu viðkomandi. Næst skráir þú banka, höfuðbók og reikningsnúmer, og að lokum er valin sú upphæð sem á að millifæra.



6. Aðrar upplýsingar

Kostnaður

Það kostar ekkert fyrir nýja viðskiptavini að stofna til viðskipta við Arion banka ef þeir panta ekki debetkort. Ef debetkort er pantað kostar það 950,- krónur. Ekki er gert ráð fyrir því að nemendur þurfi debetkort til að vinna verkefnið. Ef kort er óvart stofnað og ætlunin ekki að nota það er hægt að hafa samband við okkur og við göngum frá því.

Einnig er gjaldfrjálst fyrir Unga frumkvöðla og viðskiptavini Arion banka að virkja rafræn skilríki. Öll þjónusta bankans sem tengist verkefninu er gjaldfrjáls.

Ráðgjöf

Ef það er eitthvað sem þið skiljið ekki eða lendið í vandræðum með megið þið endilega senda okkur póst á netfangið sem gefið er upp hér fyrir neðan.

Tengiliðir

Dagur Ágústsson
dagur.agustsson@arionbanki.is